

## *Sköpun krefst hugrekkis*

### INNGANGUR

Eftirfarandi umfjöllun er um heftið *Sköpun* í ritröð um grunnþætti menntunar fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla sem gefið var út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Námsgagnastofnun. Höfundar heftisins eru þau Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. Samhliða því að rekja lauslega megináherslur heftisins verður reynt að átta sig á kostum þess og göllum og dregnir verða fram nokkrir þættir sem greinarhöfundum finnst skipta máli. Bent verður á lesefni tengt skapandi skólastarfi og hugsanlega nálgun í kennslu.

Það er gleðiefni og vekur athygli að hljómgrunnur skuli vera fyrir því að auka vægi sköpunar í skólastarfi þó að skapandi greinar hafi ekki öðlast sess sem kjarnagreinar. Rannsóknir sýna að kennarar hafa verið hlyntir skapandi skólastarfi þó það endurspeglar ekki endilega í starfi þeirra. Þeir starfa þá ekki eftir sinni bestu vitund. Hver er ástæðan? Hafa kennarar ekki þekkingu á sköpun, eru þeir fastir í gömlu fari eða hafa þeim ekki verið búnar aðstæður til breytinga? (Þorvaldur Þorsteinsson, 2008). Er hljómgrunnurinn núna byggður á raunverulegum skilningi og vilja til að breyta?

Ef takast á að innleiða grunnþáttinn sköpun í skólastarf þarf djúpan skilning á hugtakinu og því hvað felst í skapandi skólastarfi. Nauðsynlegt er að umræður fari fram í hverjum skóla og fundnar verði leiðir til að vinna með og flétta sköpun eins og rauðan þráð inn í allt skólastarf. Heftið *Sköpun* getur nýst mjög vel í þessum tilgangi og er í raun frábær útgangspunktur til að hefja umræðuna. Textinn er hvetjandi og innihaldsríkur og getur virkað sem hugvekja og hreyfiafl. Hann getur kveikt hugmyndir og aukið meðvitund um gagnsemi, mikilvægi og gildi sköpunar. En til þess að heftið nýtist er nauðsynlegt að það sé lesið, efni þess ígrundað og tækifærin sem það gefur skoðuð ýtarlega. Það þarf samstöðu til að breyta skóla og nauðsynlegt er að allir upplifi sig sem gerendur í breytingaferlinu.

## SAMANTEKT UM EFNI HEFTISINS

Í heftinu er góð útlistun á gildi sköpunar fyrir einstakling og samfélag. Lagt er upp með að tegundin maður hafi ekki komist af án skapandi hugsunar og byggi tilveru sína á henni (bls. 9; allar tilvísanir til tiltekinna blaðsíðna eru til heftisins *Sköpun*). Í gegnum skapandi starf lærir einstaklingurinn meðal annars að ráða fram úr vanda, skapa sér tækifæri og skilja sjálfan sig og aðra. Í skapandi námi geta nemendur blómstrað í styrkleikum sínum og auðgað líf sitt. Aðgangur allra að andlegu ríkidæmi leiðir af sér betra samfélag og það styrkist við að virkja mannauðinn og hugvitið. Skapandi samfélagsþegnar finna lausnir á vanda, auka nýsköpun, veltu og skapa störf. Þeir mynda sér gagnrýnar og sjálfstæðar skoðanir og taka lífandi þátt í samfélagi. Virðing fyrir ólíkum einstaklingum eykst og þar með jafnrétti.

Í heftinu er sett fram sérlega góð greining á fyrirbærinu sköpun sem gerir það skýrara og áþreifanlegra. Áhersla er lögð á ferðalag hugans í sköpunarferlinu og víxlverkun ímyndunarafstsins og gagnrýninnar hugsunar sem er að verki á leið hugmynda að veruleika. Sköpunarverk eru frumleg og hafa gildi fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Loks lýsa höfundar heftisins því hvernig skapandi skólastarf getur verið í framkvæmd. Haldbærar leiðbeiningar eru fyrir kennara og skólastjórnendur um það hvernig hægt er að auka vægi þess og rýma til fyrir skapandi nálgun í kennslu. Bent er á ýmis dæmi til fyrirmynda, svo sem *El Sistema* verkefnið í Venesúela (bls. 11), *Reggio Emilia* skólastarfið á Ítalíu (bls. 25–26) og fleiri.

Í heftinu öllu eru vel valdar tilvitnanir úr fræðum og raunverulegu starfi sem eru að mörgu leyti áhrifamestu textar ritsins að mati okkar sem þetta skrifa. Einnig eru settar fram áleitnar spurningar til skólastjórnenda og kennara til ígrundunar á eigin starfi með tilliti til framsetningar á verkefnum og nálgunar í kennslu. Þarna voru punktar sem hreyfðu verulega við okkur, reyndum listgreinakennurum, og leiddu af sér þarfa ígrundun af okkar hálfu.

## INNLEIÐING

Í heftinu segir að hugmyndir séu eins og stýggur fugl á grein (bls. 20). Það er mikilvægt að stýggja fuglinn en ákveða ekki hvert hann flýgur. Útfærsla hugmynda þarf að vera sveigjanleg og opin. Raunveruleg skólaþróun kemur innan frá og byggist fyrst og fremst á kennaranum í samstarfi við nemendur og stjórnendur. Skólastjórnendur þurfa að styðja við ferlið og vera tilbúnir til að taka áhættu með kennurum.

Grunnþátturinn sköpun er sóttur í hina nýju menntastefnu en innleiðingin er á hendi hvers skóla og það getur verið misjafnt eftir skólum og kennurum hvaða leiðir eru farnar. Of ströng markmiðssetning af hálfu skólayfirvalda getur virkað heftandi á framþróun eins og Atli Harðarson (2012) bendir á í athyglisverðri grein sinni *Ný aðalnámskrá framhaldsskóla og gömul námskrárfræði*. Ef takast á að innleiða sköpunarþáttinn þarf allt starf skólans að vera í þeim anda. Hafþór Guðjónsson (2012) bendir í grein sinni *Kennaramenntun og skólastarf í ljósi ólíkra viðhorfa til náms* á það að ef rótgrónar hefðir og orðræða eldri viðhorfa einkenna umhverfið og innviði skólans er erfitt að

breyta. Nemendur þurfa að skynja að kennarar og stjórnendur hugsi um nám og vinni á skapandi hátt.

## SKAPANDI KENNSLA OG NÁM

Magnús Pálsson sagði eitt sinn að kennsla væri list eins og höfundar heftisins minna okkur á (bls. 6). Orð hans rýma við það hvernig Þorvaldur Þorsteinsson (2008) líkti saman kennaranum og listamanninum. Þeir segja ekki öðrum hvað þeir eigi að skilja, heldur skapa vettvang fyrir upplifun. Kennarinn er þannig á hliðarlínunni og styður nemandann í eigin rannsókn. Hann skapar tækifæri, kringumstæður, setur fram aðferðir og útvegar efnivið fyrir verkefnaðið nám. Kennsluaðferðir og námsefni eru aðeins tæki sem kennarinn notar til að aðstoða nemandann í sjálfstæðri vinnu þar sem hann þróar hugmyndir sínar, gerir tilraunir og leitar lausna. Nemandinn er ekki óvirkur þekkingarþegi eða viðtakandi heldur sívirkur þekkingarsmiður á grundvelli eigin reynslu (Hafþór Guðjónsson, 2012).

Gefa þarf rými fyrir margs konar lausnir þannig að nemandinn geti upplifað sig sem geranda. Það getur verið nauðsynlegt að koma á framfæri vissum grunnatriðum en leitast jafnframt við að tengja þau eins og hægt er við raunveruleika nemandans. Til dæmis gæti hann búið til eigið graffití á húsvegg sem teiknaður er út frá grunnreglum í fjarvídd. Frumforsenda í skapandi skólastarfi er að nemandinn vinni út frá eigin áhugahvöt, athyglinni sé beint að því hver nemandinn er í stað þess að spyrja hvað hann ætli að verða (Þorvaldur Þorsteinsson, 2008). Það þarf að gefa honum svigrúm og tækifæri til að nýta hæfileika sína við að skapa eigin verk í stað þess að þjóna settum markmiðum. Markmið ættu í það minnsta að snúast um verkferli, ekki eingöngu um afrakstur eða getu þegar námi lýkur. Einkunnir, hrós og umbun þar sem áherslan er á verklok minnka líkur á skapandi nálgun eins og heftið bendir á. Við viljum gjarnan deila sýn Þorvaldar Þorsteinssonar þar sem hver skóladagur er deigla nýrra upp-götvana jafnt hjá nemendum og kennurum og ferðalagið er mikilvægara en áfangastaðurinn (Þorvaldur Þorsteinsson, 2008).

Til þess að innleiða sköpun í skólastarf getur samþætting námsgreina og samvinna kennara verið nauðsynleg. Það hefur oft sýnt sig að einn plús einn geta verið miklu meira en tveir. Hugmyndir þar sem tveir eða fleiri ólíkir þættir eru settir saman verða oft áhrifaríkari en aðrar. Við veltum fyrir okkur hvort lotur styðji ekki betur við skapandi nám fremur en aðgreining námsgreina þannig að nemendur fái að dvelja við verkefni sín í lengri tíma (bls. 60). Hver lota gæti endað á hápunkti eða sýningu þar sem þau verk sem sköpuð hafa verið eru sett fram.

Í bókinni *Studio Thinking* (Hetland, Winner, Veenema og Sheridan, 2007) er fjallað um rannsókn á kennslu nokkurra framúrskarandi myndlistarkennara þar sem þeir vinna út frá hugmynd um vinnustofuna. Kennsla þeirra byggist á sýnikennslu og fyrirlestrum þar sem kennari leggur inn verkefni, miðlar upplýsingum, sýnir vinnubrögð og lýsir hugtökum. Þungamiðja kennsluhátta vinnustofunnar er sjálfstæð vinna nemenda. Þá fylgist kennarinn með, gengur á milli og ræðir við nemendur um vinnuna og kemur með persónulegar ábendingar. Öflugt kennslutæki er síðan sameiginleg

ígrundun og umræða um verk nemenda sem beinist að vinnu þeirra og vinnuferli. Þessi þrír þættir, sýnikennsla, vinna nemenda og yfirferð, krefjast þess að nemendur tileinki sér tæknilega færni, einbeitingu, þrautseigju, ímyndun, tjáningu, rannsókn, ígrundun og ögrun. Leiða má líkur að því að kennsluhættir vinnustofunnar gætu komið að gagni í allri kennslu og að aðferðirnar sem búa að baki þeim gætu orðið góð fyrirmynd að skapandi starfi í öðrum listgreinum sem og almennum námsgreinum (Rósa Kristín Júlíusdóttir, 2012).

## MAT Á SKAPANDI STARFI NEMENDA

Sveigjanleiki kennara og frelsi nemenda skiptir miklu máli í skapandi starfi en það þarf samt sem áður að meta það sem skapað er, það er ekki sjálfkrafa gott, eins og bent er á í heftinu. Það er vel gerlegt að meta skapandi vinnu en forsenda þess er skilningur á eðli hennar. Lars Lindström (2006) hefur greint skapandi myndlistarstarf nemenda niður í ákveðna meginþætti á sannfærandi hátt. Hann leggur til að tilbúin verk séu metin með tilliti til afraksturs í tengslum við ætlan, lit, form og myndbyggingu, notkun grunnreglna og vald á efnum og aðferðum. Hann leggur áherslu á mat á ferlinu og skiptir því í rannsókn, lausnaleit með skissum og tilraunum, að eflast við ögrun, hugvitssemi, að leita nýrra leiða, að taka áhættu og að nota fyrirmyndir og leita markvisst í þær til hugljómunar, að ígrunda og meta eigin árangur og að lýsa verkum sínum og skoða. Þetta hefur reynst undirrituðum gagnleg leið til að meta verk nemenda og skapandi vinnu þeirra á listnámsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri.

Einnig hefur gefist vel að nemendur vinni sjálfsmat, sérstaklega með tilliti til ferlisins. Þá er mikilvægt að ræða við þá um matið og beina athygli þeirra að eigin vinnuferli og gefa þeim tilfinningu fyrir því að persónuleg nálgun þeirra skipti máli. Kennarinn þarf að staldra við og skoða hvað nemandinn hefur fram að færa í raun og veru og hvort honum hefur tekist það sem hann ætlaði sér. Þá spyr nemandinn sig hvernig hann geti bætt nálgun sína að náminu. Langmikilvægasta viðhorfið sem skapast í skóla er löngunin til að halda áfram að læra eins og John Dewey benti okkur á fyrir löngu (Hafþór Guðjónsson, 2012).

## VÆGI LIST- OG VERKGREINA

Í heftinu er lögð áhersla á grunnþáttinn sköpun í víðu samhengi þar sem hann er nýttur á sem fjölbreyttastan hátt í skólakerfinu, sem er vel. Vissulega er talað um mikilvægi þess að kenna listgreinarnar áfram en það þarf að varast að túlka heftið þannig að þær séu ekki eins mikilvægar og áður. Hætta er á því að kennslustundafjöldanum sem fer í listgreinakennsluna verði dreift yfir aðrar greinar í skólakerfinu og það látið duga. Því er afar mikilvægt að hamra á því að alls ekki megi taka listgreinakennsluna út úr skólunum. Fagmennska listamanna og listgreinakennara má ekki glatast úr skólakerfinu því þeir eru lykilmenn í innleiðingu sköpunar.

Leiðin að þroska í gegnum listnám er jafn mikilvæg og leiðin í gegnum raungreina- eða félagsfræðinám (Efland, 2002; Eisner, 1998, 2002). Í áratugi hafa menntarannsóknir í listgreinum fengist við það að reyna að sanna að listirnar geri okkur gáfuð, kannski mest til þess að réttlæta tilvist þeirra í skólakerfinu en við eigum að kenna listirnar listanna vegna eða *Art for art's sake* eins og Bítlarnir sungu forðum. Við eigum ekki að þurfa að réttlæta listgreinakennslu þegar vitað er að listsköpun og listtjáning hefur fylgt mannum frá upphafi vega og hefur gildi í sjálfu sér. Það að tjá tilfinningar, hugsanir og hugmyndir í gegnum listsköpun er lykillinn að mannlegri tilveru og gerir okkur mennsk. Hefur ekki einmitt vantað mennskuna hér á jörðinni nánast alla 20. öldina? Við þurfum að skoða þróunarsögu mannsins og líta í eigin barm. Hvað gerir okkur mennsk? Það að upplifa og njóta lista er menntandi og listin talar við okkur milliliðalaust, án rökhugsunar og hugtakagreiningar. Þetta ósagða, sem samt er (Björn Þorsteinsson, 2011).

Með hinni miklu áherslu á kjarnagreinar er öllum námsgreinum ekki gert jafn hátt undir höfði og þegar brotthvarfstölur úr íslenskum framhaldsskólum eru skoðaðar er greinilegt að stýringin virkar ekki. Bóklegum greinum hefur verið gert hærra undir höfði og þar með er gefið í skyn að listir og verknám skipti ekki jafn miklu máli. Getur verið að vandamálin sem við okkur blasa í skólakerfinu stafi af því að námsgreinar séu ekki jafn réttháar?

Samkvæmt lögum á skólakerfið að vinna út frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám þar sem gengið er út frá þörfum og áhuga hvers og eins. Þar með ætti að vera óþarfi að ákvarða kjarnagreinar vegna þess að um leið og við samþykkjum að eitt sé mikilvægara en annað erum við að skerða jafnrétti nemenda og viðurkennum ekki einstaklingsmuninn. Hinn mannlegi margbreytileiki er staðreynd og því er mikilvægt að sýna öllu námi jafn mikla virðingu. Það geta ekki allir verið góðir í öllu en allir geta verið góðir í einhverju og það skiptir máli og hefur gildi í samfélagi manna. Það er ekki þar með sagt að nemendur þurfi ekki að læra að lesa, skrifa og reikna, þvert á móti er það sjálfsagt. Spurningin er hins vegar sú hvernig við kennum börnum að lesa, skrifa og reikna og hvað fleira við kennum. Ef við viðurkennum og leggjum rækt við allar greindir eigum við meiri möguleika á að takast á við mörg þeirra vandamála sem við okkur blasa.

Með nýrri menntasýn aðalnámskrár, sem meðal annars birtist í heftinu *Sköpun*, verður vonandi hægt að snúa frá þröngri áherslu á kjarnagreinar í bóknámi en til þess þarf umburðarlyndi gagnvart margbreytileika manneskjunnar. Er hugsanlegt að með því að leggja áherslu á grunnþættina sex sem hin nýja menntastefna gengur út á að þurfi ekki lengur ákveðnar kjarnagreinar?

## SKÓLI Í SÍFELLDRI ÞRÓUN

Á undanförunum árum hefur farið fram hugmyndafræðileg uppstokkun á íslensku skólakerfi þar sem öll skólastig hafa verið til umfjöllunar. Afraksturinn varð ný lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla árið 2008 og nýjar aðalnámskrár hafa verið að líta

dagsins ljós. Víða um heim hefur sams konar uppstokkun átt sér stað. Menntunarstig Vesturlanda er að hækka og ótal rannsóknir hafa verið gerðar á menntakerfum víða um heim. Við teljum að ef vel er að staðið geti nýjar námskrár og ný lög fyrir öll skólastig hér á landi falið í sér mikilvægt tækifæri til þess að færa íslenskt skólakerfi í betra horf. Skiptar skoðanir eru um hina nýju menntastefnu, sumir sjá tækifærin, eins og t.d. birtist í grein Hafþórs Guðjónssonar (2012), en aðrir sjá ógnanir og vara við of mikilli markmiðssetningu í skólakerfinu eins og kemur glögglega fram í grein Atla Harðarsonar (2012).

Skólaþróun má líkja við ferlið sem á sér stað við listsköpun og nám. Líta má á hana sem hringferli sem felst í endurtekinni rannsókn á skólastarfi, hugmyndavinnu, tilraunum, ígrundun og framkvæmd. Ferlið vefst þannig um sjálft sig eins og spirall og þarf sífellt að vera í gangi ef skólinn á að vera síkvikur. Þróun og útfærsla á skapandi skólastarfi hlýtur að vera stöðugt í gangi. Ný menntastefna og grunnþættirnir eru tækifæri sem við eigum að grípa og heftið *Sköpun* getur verið byrjun á ferli sem vonandi tekur engan enda vegna þess að í ígrundun um sköpun felst sköpun, enda erum við sammála höfundum þess í stórum dráttum. Það þarf hugrekki, kraft, framsýni og bjartsýni til að auka sköpun í skólum.

## HEIMILDIR

- Atli Harðarson. (2012). Ný aðalnámskrá framhaldsskóla og gömul námskráfræði. *Uppeldi og menntun*, 21(2), 71–89.
- Björn Þorsteinsson. (2011, 9. nóvember). Maurice Merleau-Ponty. [Viðtal eftir Inga Björn Guðnason]. *RÚV, Víðsjá*.
- Efland, A. D. (2002). *Art and cognition: Integrating the visual arts in the curriculum*. New York: Teachers College Press.
- Eisner, E. W. (1998). *The enlightened eye: Qualitative inquiry and the enhancement of educational practice*. Upper Saddle River: Prentice Hall.
- Eisner, E. W. (2002). *The arts and the creation of mind*. New Haven: Yale University Press.
- Hafþór Guðjónsson. (2012). Kennaramenntun og skólastarf í ljósi ólíkra viðhorfa til náms. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 10. mars, 2013 af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/016.pdf>
- Hetland L., Winner, E., Veenema, S. og Sheridan, K. M. (2007). *Studio thinking: The real benefits of visual arts education*. New York: Teachers College Press.
- Lindström, L. (2006). Creativity: What is it? Can you assess it? Can it be taught? *International Journal of Art & Design Education*, 25(1), 53–66.
- Rósa Kristín Júlíusdóttir. (2012). Hugarhættir vinnustofunnar. *Uppeldi og menntun*, 21(1) 141–146.
- Þorvaldur Þorsteinsson. (2008, 5. apríl). Tækifærið manneskjan. [Viðtal eftir Jón B. K. Ransú]. *Lesbók Morgunblaðsins*. Sótt 1. mars 2013 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1204624/>

## UM HÖFUNDANA

*Björg Eiríksdóttir* (bjorg@vma.is) er listgreinakennari við Verkmenntaskólann á Akureyri. Hún lauk B.Ed.-námi frá Kennaraháskóla Íslands árið 1991 og myndlistarnámi frá fagurlistadeild Myndlistaskólans á Akureyri árið 2003. Hún stundar nú almennt meistaranám við Háskólann á Akureyri og tengir það myndlistarkennslu.

*Ragnheiður Björk Þórsdóttir* (ragga@vma.is) er listgreinakennari við Verkmenntaskólann á Akureyri. Hún brautskráðist úr textíldeild Myndlistar- og handíðaskóla Íslands 1984, stundaði framhaldsnám í textíllist frá John F. Kennedy University 1984–1985, lauk námi í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda fyrir framhaldsskólakennara frá Kennaraháskóla Íslands 1989 og brautskráðist með M.Ed.-gráðu frá Háskólanum á Akureyri 2009.